

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2004/42/EB

2008/EES/23/05

frá 21. apríl 2004

um takmörkun á losun rokgjarnra, lífrænna efnasambanda vegna notkunar lífrænna leysiefna í tiltekinni málningu og lakki og efnum til lakkviðgerða á ökutækjum og um breytingu á tilskipun 1999/13/EB (*)

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDESINS HAFAR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 95. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ⁽¹⁾,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ⁽²⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/81/EB frá 23. október 2001 um innlend, efri mörk losunar fyrir tiltekin loftmengunarefni ⁽³⁾ eru sett innlend, efri mörk fyrir losun tiltekinnar mengunarefna, þ.m.t. fyrir rokgjörn, lífræn efnasambönd (hér á eftir kölluð rokefni (VOC's)), sem ná skal eigi síðar en 2010 en það er liður í samþættri áætlun í baráttu Bandalagsins gegn súrnun og styrk ósons við yfirborð jarðar, en ekki eru sett viðmiðunarmörk fyrir losun þessara mengunarefna frá sérstökum upptökum.
- 2) Svo að farið verði að innlendum, efri mörkum fyrir losun rokefna verða aðildarríkin að beina athygli sinni að tilteknum fjölda flokka sem upptök þessarar losunar falla undir.
- 3) Þessi tilskipun kemur til viðbótar ráðstöfunum sem eru gerðar á innlendum vettvangi í því skyni að tryggja að farið sé að efri mörkum fyrir losun rokefna.
- 4) Þar eð ekki liggja fyrir ákvæði á vettvangi Bandalagsins er við því að búast að ósamræmi sé í löggjöf aðildarríkjanna að því er varðar viðmiðunarmörk fyrir rokefni í tilteknum vöruflokkum. Slíkt misræmi ásamt skorti á slíkri löggjöf í sumum aðildarríkjanna gæti skapað viðskiptahindranir og valdið röskun á samkeppni á innri markaðnum.
- 5) Því þarf, í því skyni að sporna gegn ósoni við yfirborð jarðar, að samræma innlend lög og ákvæði þar sem sett eru viðmiðunarmörk fyrir rokefni í þeim vörum, sem falla undir þessa tilskipun, til að tryggja að þau takmarki ekki frjálsan flutning þessara vara.

- 6) Þar eð aðildarríkin geta ekki náð fyrirhuguðu markmiði, þ.e. að draga úr losun rokefna, svo að fullnægjandi sé vegna þess að losun rokefna í einu aðildarríki hefur áhrif á gæði lofts í öðrum aðildarríkjum og auðveldara er að ná fram skerðingu á losun rokefna á vettvangi Bandalagsins vegna þess hve aðgerðirnar eru umfangsmiklar og hafa víðtæk áhrif, getur Bandalagið samþykkt ráðstafanir í samræmi við dreifræðisregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, ganga ákvæði þessarar tilskipunar ekki lengra en nauðsynlegt er til að þessu markmiði verði náð.

- 7) Innihald rokefna í málningu, lakki og lakkviðgerðarefnum fyrir ökutæki hefur í för með sér umtalsverða losun rokefna út í andrúmsloftið sem stuðlar að því að í viðnámslagi veðrahvolfssins myndast ljósoxandi efni sem geta bæði verið staðbundin og borist yfir landamæri.

- 8) Því skal dregið úr rokefnainnihaldi tiltekinna málningar og lakks og lakkviðgerðarefna fyrir ökutæki að svo miklu leyti sem það er tæknilega og fjárhagslega gerlegt að teknu tilliti til veðurfarskilyrða.

- 9) Víðtæk vernd umhverfis krefst þess að sett séu viðmiðunarmörk fyrir innihald rokefna í vörum, sem falla undir þessa tilskipun, og að þessum viðmiðunarmörkum sé fylgt.

- 10) Kveðið skal á um bráðabirgðaráðstafanir að því er varðar vörur sem eru framleiddar áður en kröfur í þessari tilskipun öðlast gildi.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 143, 30.4.2004, bls. 87. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegru EES-nefndarinnar nr. 79/2005 frá 10. júní 2005 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 52, 13.10.2005, bls. 5.

⁽¹⁾ Stjtið. EB C 220, 16.9.2003, bls. 43.

⁽²⁾ Álit Evrópuþingsins frá 25. september 2003 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB), sameiginleg afstaða ráðsins frá 7. janúar 2004 (Stjtið. EB C 79 E, 30.3.2004, bls. 1), og afstaða Evrópuþingsins frá 30. mars 2004 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB).

⁽³⁾ Stjtið. EB L 309, 27.11.2001, bls. 22.

- 11) Aðildarríkin skulu geta veitt einstök leyfi til að selja og kaupa í sérstökum tilgangi vörur í mjög takmörkuðu magni sem standast ekki þau viðmiðunarmörk um leysiefni sem sett eru með þessari tilskipun.
- 12) Þessi tilskipun kemur til viðbótar ákvæðum Bandalagsins um merkingar íðefna og efnablandna.
- 13) Gildissvið þessarar tilskipunar tekur hvorki til verndar heilbrigðis neytenda og/eða starfsmanna né verndar vinnuumhverfis og ráðstafanir, sem aðildarríkin grípa til í þeim tilgangi, hafa því ekki áhrif á þessa tilskipun.
- 14) Fylgjast þarf með viðmiðunarmörkum til þess að komast að því hvort massastyrkur rokefna í hverjum flokki málningar, lakks og lakkviðgerðarefna fyrir ökutæki, sem falla undir þessa tilskipun, sé undir leyfilegum mörkum.
- 15) Þar eð rokefnainnihald vara, sem eru notaðar við tiltekna lakkviðgerðir ökutækja, er nú háð ákvæðum þessarar tilskipunar ber að breyta tilskipun ráðsins 1999/13/EB frá 11. mars 1999 um takmörkun á losun rokkgjarnra lífrænna efnasambanda vegna notkunar lífrænna leysiefna við tiltekna starfsemi og í tilteknum starfsstöðvum ⁽¹⁾ til samræmis við það.
- 16) Aðildarríkin skulu þó geta viðhaldið innlendum ráðstöfunum eða innleitt nýjar í tengslum við eftirlit með losun sem fylgir lakkviðgerðum ökutækja, m.a. yfirborðsmeðferð ökutækja samkvæmt skilgreiningu í tilskipun ráðsins 70/156/EEB frá 6. febrúar 1970 um samræmingu laga aðildarríkjanna um gerðarviðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra ⁽²⁾, eða hlutum þeirra sem eru framkvæmdar sem hluti af viðgerð ökutækja, viðhaldi þeirra eða skreytingu utan bifreiðasmiðja.
- 17) Tilskipunin gildir ekki um vörur sem eru seldar eingöngu til notkunar í stöðvum sem hafa verið leyfðar samkvæmt tilskipun 1999/13/EB ef unnt er að ná a.m.k. sömu skerðingu á losun rokefna með öðrum ráðstöfunum sem eru gerðar til að skerða losunina.
- 18) Aðildarríkin skulu mæla fyrir um reglur um viðurlög við brotum á ákvæðum þessarar tilskipunar og tryggja að þeim sé framfylgt. Þessi viðurlög skulu vera árangursrík, í réttu hlutfalli við brot og letjandi.
- 19) Aðildarríkin skulu gefa framkvæmdastjórninni skýrslu um fengna reynslu af beitingu þessarar tilskipunar.
- 20) Taka skal til endurskoðunar bæði þann kost að skerða innihald rokefna í vörum, sem falla ekki undir gildissvið þessarar tilskipunar, og þann kost að lækka viðmiðunarmörk fyrir rokefni enn frekar frá því sem nú er kveðið á um.
- 21) Samþykkja skal nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar þessari tilskipun í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið ⁽³⁾.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Tilgangur og gildissvið

1. Markmiðið með þessari tilskipun er að draga úr heildarinnihaldi rokefna í tiltekinni málningu og lakki og lakkviðgerðarefnum ökutækja í því skyni að koma í veg fyrir eða minnka loftmengun sem rekja má til áhrifa rokefna á myndun ósons í veðrahvolfinu.
2. Í þessari tilskipun eru tækniforskriftir fyrir tiltekna málningu og lakk og lakkviðgerðarefni samræmdar í því skyni að markmiðunum, sem sett eru í 1. mgr., verði náð.
3. Tilskipun þessi gildir um vörur sem eru tilgreindar í I. viðauka.
4. Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á ráðstafanir, þ.m.t. kröfur um merkingu, sem gerðar eru á vettvangi Bandalagsins eða innlendum vettvangi í því skyni að vernda heilbrigði neytenda og starfsmanna og vinnuumhverfi þeirra.

⁽¹⁾ Stjótd. EB L 85, 29.3.1999, bls. 1. Tilskipuninni var breytt með reglugerð (EB) nr. 1882/2003 Evrópuþingsins og ráðsins (Stjótd. EB L 284, 31.10.2003, bls. 1).

⁽²⁾ Stjótd. EB L 42, 23.2.1970, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2004/3/EB Evrópuþingsins og ráðsins (Stjótd. EB L 49, 19.2.2004, bls. 36).

⁽³⁾ Stjótd. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „lögbært yfirvald“: yfirvald eða yfirvöld eða aðilar er skulu sjá um, samkvæmt lagaákvæðum aðildarríkjanna, að uppfylla þær skyldur sem af þessari tilskipun leiðir,
2. „efni“: sérhvert frumefni og sambönd þess, hvort sem þau eru í náttúrulegri mynd eða framleidd og hvort sem þau eru í föstu, fljótandi eða loftkenndu ástandi,
3. „efnablanda“: blanda eða lausn úr tveimur eða fleiri efnum,
4. „lífrænt efnasamband“: sérhvert efnasamband sem inniheldur a.m.k. frumefnið kolefni og eitt eða fleiri eftirtalinna efna: vetni, súrefni, brennistein, fosfór, kísil, köfnunarefni eða halógen, að undanskildum kolefnisoxíðum og ólífrænum karbónötum og bíkarbónötum,
5. „rokgjarnt, lífrænt efnasamband (rokefni)“: sérhvert lífrænt efnasamband með upphafssuðumark lægra en eða jafnt 250 °C við staðalþrýstinginn 101,3 kPa,
6. „rokefnainnihald“: massi rokgjarnra, lífrænna efnasambanda, mældur í grömmum/lítra (g/l), í samsetningu vörunnar eins og hún er þegar hún er tilbúin til notkunar. Massi rokgjarnra, lífrænna efnasambanda í tiltekinni vöru, sem hvarfast efnafræðilega við þornun og myndar hluta af yfirborðshúðinni, telst ekki hluti af innihaldi rokefnanna,
7. „lífrænn leysir“: sérhvert rokefni sem er notað eitt sér eða með öðrum efnum til að leysa upp eða þynna hráefni, afurðir eða úrgangsefni eða er notað sem hreinsiefni til að leysa upp mengunarefni eða sem leysiefni, dreifiefni, seigjustillandi efni, yfirborðsspennustillandi efni, mýkiefni eða rotvarnarefni,
8. „yfirborðsmeðferðarefni“: hvers kyns efnablanda sem er notuð til að mynda lag sem skreytir eða vermdar yfirborðsfleti eða er látið þekja yfirborð í öðrum tilgangi, þ.m.t. allir lífrænir leysar eða efnablöndur, sem innihalda lífræna leysa, sem eru nauðsynleg til að tryggja rétta notkun viðkomandi efnablöndu,
9. „lag“: samfelld húð sem fæst með því að bera einu sinni eða oftar á undirlag,

10. „vatnsblönduð yfirborðsmeðferðarefni (vb.)“: yfirborðsmeðferðarefni þar sem seigjan er stillt með vatni,

11. „leysiblönduð yfirborðsmeðferðarefni (lb.)“: yfirborðsmeðferðarefni þar sem seigjan er stillt með lífrænum leysi,

12. „markaðssetning“: það að bjóða fram vöru til þriðja aðila, hvort sem er gegn greiðslu eða án hennar. Innflutningur inn á tollsvæði Bandalagsins telst markaðssetning í skilningi þessarar tilskipunar.

3. gr.

Kröfur

1. Aðildarríkin skulu tryggja að vörunar, sem eru tilgreindar í I. viðauka, séu því aðeins settar á markað á yfirráðasvæði þeirra eftir þær dagsetningar, sem mælt er fyrir um í II. viðauka, að rokefnainnihald þeirra sé ekki yfir þeim viðmiðunarmörkum sem eru tilgreind í II. viðauka og að þær uppfylli ákvæði 4. gr.

Til að skera úr um hvort farið sé að viðmiðunarmörkum fyrir rokefnainnihald, sem sett eru fram í II. viðauka, skal nota þær greiningaraðferðir sem um getur í III. viðauka.

Að því er varðar vörur, sem eru tilgreindar í I. viðauka og bæta þarf í leysum eða öðrum efnispáttum með leysum til að varan verði tilbúin til notkunar, gilda viðmiðunarmörkin í II. viðauka fyrir rokefnainnihald vörunnar í því formi sem hún er þegar hún er tilbúin til notkunar.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skulu aðildarríkin sjá til þess að vörur, sem eru seldar til að nota í starfsemi sem fellur undir tilskipun 1999/13/EB og fer fram í skráðum stöðvum eða stöðvum, sem hafa hlotið leyfi, skv. 3. og 4. gr. þeirrar tilskipunar þurfi ekki að uppfylla framangreindar kröfur.

3. Þegar um er að ræða endurgerð og viðhald bygginga og fornökutækja, sem lögbær yfirvöld hafa lýst yfir að hafi sérstakt sögulegt og menningarlegt gildi, er aðildarríkjunum heimilt að veita sérstök leyfi til að selja og kaupa í mjög takmörkuðu magni vörur sem standast ekki þau viðmiðunarmörk fyrir rokefni sem mælt er fyrir um í II. viðauka.

4. Heimilt er að vörur, sem falla undir gildissvið þessarar tilskipunar og sýnt er fram á að hafi verið framleiddar fyrir þau tímamörk sem mælt er fyrir um í II. viðauka og uppfylla ekki kröfur 1. mgr., séu á markaði í 12 mánuði eftir þann dag sem krafan fyrir viðkomandi vöru öðlast gildi.

4. gr.

Merking

Aðildarríkin skulu tryggja að vörurnar, sem eru tilgreindar í I. viðauka, séu með merkimiða þegar þær eru settar á markað. Á merkimiðanum skal tilgreina:

- a) undirflokk vörunnar og viðeigandi viðmiðunarmörk fyrir rokefni í g/l, eins og um getur í II. viðauka,
- b) hámarksinnihald rokefna í g/l í vörunni eins og hún er þegar hún er tilbúin til notkunar.

5. gr.

Lögbært yfirvald

Aðildarríkin skulu tilgreina lögbært yfirvald sem ber ábyrgð á að þeim skuldbindingum, sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun, sé fullnægt og skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um það eigi síðar en 30. apríl 2005.

6. gr.

Vöktun

Aðildarríki skulu setja fram áætlun um vöktunaráætlun í þeim tilgangi að sannreyna að farið sé að ákvæðum þessarar tilskipunar.

7. gr.

Skýrslugjöf

Aðildarríkin skulu gefa skýrslu um árangur af vöktunaráætluninni sem miðar að því að sannreyna að farið sé að ákvæðum tilskipunarinnar og um flokka og magn þeirra vara sem eru leyfðar skv. 3. mgr. 3. gr. Fyrstu tvær skýrslurnar skulu lagðar fyrir framkvæmdastjórnina 18 mánuðum eftir dagsetningarnar þegar náð hefur verið samræmi við þau viðmiðunarmörk fyrir innihald rokefna sem mælt er fyrir um í II. viðauka; síðan skal skýrsla lögð fram fimmmta hvert ár. Framkvæmdastjórnin skal útbúa fyrir fram sameiginlegt snið vegna framlagðra vöktunargagna í samræmi við málsmæðferðina sem um getur í 2. mgr. 12. gr. Ársögð skulu vera aðgengileg framkvæmdastjórninni fari hún fram á það.

8. gr.

Frjáls dreifing

Aðildarríkjunum er óheimilt, á grundvelli ástæðna sem fjallað er um í þessari tilskipun, að banna, takmarka eða koma í veg fyrir markaðssetningu vara, sem falla undir gildissvið þessarar tilskipunar, ef þær uppfylla kröfur tilskipunarinnar eins og þær eru þegar þær eru tilbúnar til notkunar.

9. gr.

Endurskoðun

Framkvæmdastjórnin er hvött til að leggja fyrir Evrópuþingið og ráðið:

1. skýrslu sem byggist á niðurstöðum endurskoðunarinnar, sem um getur í 10 gr. tilskipunar 2001/81/EB, og eigi síðar en 2008. Í skýrslunni skal kanna:

- a) almennt svigrúm og möguleika til að draga úr innihaldi rokefna í vörum sem eru utan gildissviðs þessarar tilskipunar, þ.m.t. úðæfni fyrir málningu og lakk,

- b) hugsanlega innleiðingu frekari (II. áfangi) skerðingar á innihaldi rokefna í lakkviðgerðarefnum fyrir ökutæki,

- c) hvers kyns nýtt álitamál sem tengist félags- og efnahagslegum áhrifum af beitingu II. áfanga eins og hann er fyrirhugaður, að því er varðar málningu og lakk,

2. skýrslu, þar sem einkum er tekið tillit til skýrslanna, sem um getur í 7. gr., og allra tækniþrýðinga í tengslum við framleiðslu á málningu, lakki og lakkviðgerðarefnum fyrir ökutæki, eigi síðar en 30 mánuðum eftir þann dag sem viðmiðunarmörk fyrir innihald rokefna skv. II. áfanga II. viðauka koma til framkvæmdar. Í þessari skýrslu skal kanna almennt svigrúm og möguleika til að draga frekar úr innihaldi rokefna í vörum sem falla undir gildissvið þessarar tilskipunar, þ.m.t. hvort hugsanlegt er að greina milli innanhúss- og utanhússmálningar í undirflokkum d og e í lið 1.1. í I. viðauka og A-þætti í II. viðauka.

Þessum skýrslum skulu fylgja tillögur um breytingu á þessari tilskipun ef við á.

10. gr.

Viðurlög

Aðildarríkin skulu setja reglur um viðurlög við brotum gegn innlendum ákvæðum, sem eru samþykkt samkvæmt þessari tilskipun, og gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þeim sé beitt. Viðurlögin skulu vera árangursrík, í réttu hlutfalli við brotið og letjandi. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um þessar reglur og ráðstafanir eigi síðar en 30. október 2005 og skulu tilkynna án tafar um síðari breytingar sem hafa áhrif á þær.

11. gr.

Aðlögun að tækniframförum

Allar breytingar, sem gera þarf til að laga ákvæði III. viðauka að tækniframförum, skulu samþykktar í samræmi við málsmæðferðina sem um getur í 2. mgr. 12. gr.

12. gr.

Nefnd

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndarinnar sem var sett á stofn með 13. gr. tilskipunar ráðsins 1999/13/EB og nefnist hér á eftir „nefndin“.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

Fresturinn, sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera þrír mánuðir.

3. Nefndin setur sér starfsreglur.

13. gr.

Breyting á tilskipun 1999/13/EB

1. Tilskipun 1999/13/EB er breytt sem hér segir: í I. viðauka falli eftirfarandi undirliður í þættinum „Lakkviðgerðir ökutækja“ brott:

„— yfirborðsmæðferð ökutækja, samkvæmt skilgreiningu í tilskipun 70/156/EEB, eða hluta þeirra, sem framkvæmd er sem hluti af viðgerð ökutækja, viðhaldi eða skreyingu utan bifreiðasmiðjanna, eða“.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er aðildarríkjunum heimilt að viðhalda innlendum ráðstöfunum eða innleiða nýjar til að sporna gegn losun frá starfsemi sem tengist lakkviðgerðum ökutækja og fellur ekki lengur undir gildissvið tilskipunar 1999/13/EB.

14. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórn-sýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 30. október 2005 og skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni textann með ákvæðunum úr landslögum, sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til, og töflu sem sýnir samsvörun milli ákvæða þessarar tilskipunar og ákvæða landslaga sem samþykkt hafa verið.

15. gr.

Gildistaka tilskipunarinnar

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

16. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 21. apríl 2004.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

P. COX

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

D. ROCHE

forseti.

I. VIÐAUKI

GILDISSVIÐ

1. Í þessari tilskipun telst málning og lakk vera þær vörur sem eru tilgreindar í undirflokkunum hér fyrir aftan, að undanskildum úðæfnum. Um er að ræða yfirborðsmeðferðarefni sem eru notuð fyrir byggingar, skreytingar í þeim og innréttingar og tengda hluti til skreytingar eða hlífðar eða í öðrum starfrænum tilgangi.
 - 1.1. Undirflokkar:
 - a) „mött yfirborðsmeðferðarefni fyrir vegg og loft innanhúss“: yfirborðsmeðferðarefni sem eru ætluð fyrir vegg og loft innanhúss og eru með gljástig $\leq 25@60^\circ$,
 - b) „gljáandi yfirborðsmeðferðarefni fyrir vegg og loft innanhúss“: yfirborðsmeðferðarefni sem eru ætluð fyrir vegg og loft innanhúss og eru með gljástig $> 25@60^\circ$,
 - c) „yfirborðsmeðferðarefni til notkunar utanhúss á vegg úr jarðefnum“: yfirborðsmeðferðarefni sem eru ætluð til notkunar utanhúss á vegg úr múr eða múrsteinum eða með múrhúð,
 - d) „innan-/utanhússmálning til að skreyta og þekja við, málmeð eða plast“: yfirborðsmeðferðarefni sem eru ætluð til að bera á til skrauts og til að þekja og sem mynda þekjandi lag. Þessi yfirborðsmeðferðarefni eru ætluð fyrir undirlag úr viði, málmi eða plasti. Í þessum undirflokki er einnig grunn- og millimálning,
 - e) „lakk og viðarvörn til notkunar innanhúss/utanhúss“: yfirborðsmeðferðarefni sem eru borin á við, málmeð eða plast og sem myndar glært eða hálfhagsætt lag til skrauts og verndar. Þessi undirflokkur nær yfir þekjandi viðarvörn. Þekjandi viðarvörn er yfirborðsmeðferðarefni sem er borið á við og myndar þekjandi lag til skrauts og verndar gegn veðrun, eins og skilgreint er í EN 927-1, í flokki hálfstöðugra efna,
 - f) „viðarvörn með lágmarksþykkt“: viðarvörn sem, í samræmi við EN 927-1:1996, hefur þykkt sem er minni en 5µm í prófun sem er gerð samkvæmt ISO 2808: 1997, aðferð 5A,
 - g) „grunnur“: yfirborðsmeðferðarefni með lokandi og/eða einangrandi eiginleika sem eru ætluð til notkunar á við eða vegg og loft,
 - h) „bindigrunnur“: yfirborðsmeðferðarefni sem eru notuð til að festa lausar agnir undirlagsins eða veita vatnsfælna eiginleika og/eða vernda við gegn gráma,
 - i) „sérstök eins þáttar yfirborðsmeðferðarefni“: yfirborðsmeðferðarefni með sérstaka eiginleika sem byggist á efni sem myndar lag. Efnin eru notuð í sérstökum tilgangi, t.d. sem grunnur og yfirmálning fyrir plastefni, grunnur fyrir járn, grunnur fyrir ál, sink og aðra hvarfgjarna málma, sem tæringarvarnarmálning, sem gólfmálning, þ.m.t. fyrir viðar- og steingólf, málning gegn veggjakroti, eldvarnarmálning og sem málning sem þarf að uppfylla heilbrigðisstaðla í matvæla- og drykkjarvöruiðnaði og á sviði heilsugæslu,
 - j) „sérstök tveggja þátta yfirborðsmeðferðarefni“: yfirborðsmeðferðarefni sem eru notuð í sama tilgangi og sérstök eins þáttar yfirborðsmeðferðarefni en sem hafa annan þátt til (t.d. þrígreiind amín) sem er bætt í áður en þau eru borin á,
 - k) „fjöllita yfirborðsmeðferðarefni“: yfirborðsmeðferðarefni sem er ætlað að gefa tveggja lita eða fjöllita áferð um leið og þau eru borin á,
 - l) „hrífmálning“: málning sem er ætlað að gefa sérstök, fagurfræðileg áhrif á sérstaklega, formáluðu, grunnmáluðu undirlagi og er síðan meðhöndluð með ýmiss konar áhöldum meðan hún þornar.
2. Í þessari tilskipun teljast „lakkviðgerðarefni fyrir ökutæki“ vera þær vörur sem eru tilgreindar í undirflokkunum hér fyrir aftan. Þau eru notuð við yfirborðsmeðferð ökutækja, samkvæmt skilgreiningu í tilskipun 70/156/EEB, eða hluta þeirra sem framkvæmd er sem hluti af viðgerð ökutækja, viðhaldi eða skreytingu utan bifreiðasmiðjanna.

2.1. Undirflokkar:

- a) „vörur til undirbúnings og hreinsunar“: vörur sem eru ætlaðar til að fjarlægja eldri málningu og ryð, annaðhvort á vélrænan eða efnafræðilegan hátt eða til að gefa viðloðun fyrir ný yfirborðsmeðferðarefni:
- i) meðal vara til undirbúnings eru þvottapynnir (vara sem er ætluð til að hreinsa málningarsprautur og annan búnað), málningarleysar, fituhreinsar (m.a. efni sem eyða stöðurafmagni í plasthlutum) og silíkonhreinsar,
 - ii) „forhreinsir“ (precleaner): hreinsiefni sem er ætlað til að fjarlægja óhreinindi af yfirborðsflötum og er liður í undirbúningi áður en yfirborðsmeðferðarefni eru borin á,
- b) „spartl og fylliefni“ (bodyfiller/stopper): efni með mikilli fyllingu sem eru ætluð til að fylla í djúpar misfellur í yfirborði áður en fylligrunnurinn er borinn á,
- c) „grunnur“: hvers kyns yfirborðsmeðferðarefni sem er ætlað til að nota á beran málm eða áður áborna fleti til að veita vernd gegn tæringu áður en fylligrunnurinn (primer surfacer) er borinn á:
- i) „fylligrunnur“ (surfacer/filler): yfirborðsmeðferðarefni sem bera skal á áður en yfirlakkið er borið á og er ætlað að veita þol gegn tæringu, til að tryggja viðloðun yfirlakksins og til að stuðla að myndun einsleits yfirborðs með því að fylla í minni háttar misfellur í yfirborði,
 - ii) „alhliða málmgrunnur“ (general metal primer): yfirborðsmeðferðarefni sem er borið á sem grunnur, t.d. viðloðunaraukandi efni, þéttiefni, fylligrunnur (surfacer), undirmálning, plastgrunnar, efni sem er borið á blautt í blautt, slípifrí fylliefni (non-sand filler) og úðafylliefni,
 - iii) „sýrugrunnur“ (wash primer): yfirborðsmeðferðarefni, sem inniheldur a.m.k. 0,5% miðað við þyngd af fosfórsýru, sem borið er beint á bera málmfleti til að veita vörn gegn tæringu og tryggja viðloðun; yfirborðsmeðferðarefni notuð sem suðugrunnar og litfestilausnir fyrir galvanhúðaða fleti og sinkfleti,
- d) „yfirmálning“ (topcoat): hvers kyns yfirborðsmeðferðarefni með fastlitarefnum sem borið er á annaðhvort sem eitt lag eða mörg lög til að veita gljáa og endingu. Til hennar teljast allar vörur sem notaðar eru, s.s. undirlakk (base coatings) og glært yfirlakk (clear coatings),
- i) „undirlakk“: yfirborðsmeðferðarefni með fastlitarefnum sem ætlað er að gefa lit og hvers kyns ljósfræðileg áhrif en hvorki gljáa né yfirborðsstyrk málningarkerfisins,
 - ii) „glært lakk“: glært yfirborðsmeðferðarefni sem er ætlað að gefa málningarkerfinu endanlegan gljáa og styrk,
- e) „sérstök frágangsefni“: yfirborðsmeðferðarefni sem eru borin á sem yfirmálning sem krefst sérstakra eiginleika, s.s. málmgljáa eða perluáferðar, í einu lagi, litföst hágæðamálning og glært lakk (t.d. yfirborðsmeðferðarefni sem veita vörn gegn rispum og flúrað, glært lakk), endurskinsmálning, málning með sérstakri áferð (t.d. hamraðri), hálkuvárnarmálning, vörn fyrir undirvagna, yfirborðsmeðferðarefni, sem veita vörn gegn steinkasti, innilakk og úðaeefni.

II. VIÐAUKI

A. VIÐMIÐUNARGILDI FYRIR HÁMARKSINNIHALD ROKEFNA Í MÁLNINGU OG LAKKI

	Undirflokkur vara	Gerð	I. áfangi (g/l (*)) (frá 1.1. 2007)	II. áfangi (g/l (*)) (frá 1.1. 2010)
a	Mattir veggir og loft innanhúss (gljái < 25@60°)	vb. lb.	75 400	30 30
b	Veggir og loft innanhúss með gljáa (gljái > 25@60°)	vb. lb.	150 400	100 100
c	Veggir utanhúss úr jarðefnum	vb. lb.	75 450	40 430
d	Málning fyrir við og málm innanhúss/utanhúss	vb. lb.	150 400	130 300
e	Lakk og viðarvörn til notkunar innanhúss/utanhúss, þ.m.t. þekjandi viðarvörn	vb. lb.	150 500	130 400
f	Viðarvörn með lágmarksþykkt til notkunar innan- og utanhúss	vb. lb.	150 700	130 700
g	Grunnar	vb. lb.	50 450	30 350
h	Bindigrunnar	vb. lb.	50 750	30 750
i	Sérstök eins þáttar yfirborðsmeðferðarefni	vb. lb.	140 600	140 500
j	Sérstök tveggja þátta yfirborðsmeðferðarefni	vb. lb.	140 550	140 500
k	Fjöllita yfirborðsmeðferðarefni	vb. lb.	150 400	100 100
l	Hrífsmálning	vb. lb.	300 500	200 200

(*) g/l af vöru sem er tilbúin til notkunar.

**B. VIÐMIÐUNARGILDI FYRIR HÁMARKSINNIHALD ROKEFNA Í LAKKVIÐGERÐAREFNUM FYRIR
ÖKUTÆKI**

	Undirflokkur vara	Yfirborðsmeðferðarefni	Rokefni í g/l (*) (1.1. 2007)
a	Vörur til undirbúnings og hreinsunar	Til undirbúnings	850
		Forhreinsir	200
b	Spartl og fylliefni	Allar gerðir	250
c	Grunnur	Fylligrunnur og alhliða (málm)grunnur	540
		Sýrugrunnur	780
d	Yfirlakk	Allar gerðir	420
e	Sérstök frágangsefni	Allar gerðir	840

(*) g/l af vöru sem er tilbúin til notkunar. Ekki skal taka tillit til vatnsinnihalds vörunnar, eins og hún er þegar hún er tilbúin til notkunar, nema í undirflokki a.

III. VIÐAUKI

AÐFERÐIR SEM UM GETUR Í 1. MGR. 3. GR.

Færibreyta	Eining	Prófun	
		Aðferð	Útgáfuár
Rokefnainnihald	g/l	ISO 11890-2	2002
Rokefnainnihald ef um er að ræða hvarfgjörn þynningarefni	g/l	ASTMD 2369	2003